



# Fræðslustefna til 2026 fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg

Samþykkt í borgarráði 24. nóvember 2022

Aðgerðaáætlun uppfærð í janúar 2024



# Umfang fræðslustefnu

Fræðslustefna setur sambærilegar áherslur fyrir vinnustaðinn og borgin hefur sett fram sem samfélag, að vera uppspretta lærdóms allt æviskeiðið.

Fræðslustefna er undirstefna mannauðsstefnu.

Fræðslustefna gildir fyrir allt starfsfólk og stjórnendur á öllum sviðum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar.

Fræðslustefnan gildir til 2026.

## Samhengi við aðrar stefnur og skuldbindingar

Þar segir m.a. að borgin *mæti síbreytilegum þörfum vinnustaðar og starfsfólks, að lögð sé áhersla á að starfsfólk fái jöfn tækifæri, að borgin sé framsækinn vinnustaður sem hvetur til þverfaglegrar starfsþróunar, og að við nýtum okkur nýja tækni.*

### Græna planið

Þar segir m.a. að samfélag og umhverfi Reykjavíkurborgar skuli vera uppspretta lærdóms allt æviskeiðið.

### Þjónustustefna Reykjavíkurborgar

Þar segir m.a. að starfsfólki sé tryggð fræðsla, tími og aðstaða til að standa undir þeirri ábyrgð sem felst í því að veita góða þjónustu.

### Aðrar lykilstefnur borgarinnar

Fræðsla er mikilvægur liður í ýmsum öðrum stefnum og stefnumarkandi áætlunum sem borgin hefur sett, bæði innan málaflokka og þvert á málaflokka.

### Siðareglur starfsfólks Reykjavíkurborgar

Þar sem segir m.a. að starfsfólk leggi sig fram um að *viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka hana.*

### Kjarasamningar

Reykjavíkurborg hefur undirgengist þá skyldu skv. kjarasamningum að bjóða upp á starfsþróun og fræðslu fyrir starfsfólk.



# Tilgangur fræðslustefnu

Tilgangur fræðslustefnu er að styrkja Reykjavíkurborg sem eftirsóknarverðan vinnustað fyrir metnaðarfullt fólk og undirstrika að fræðsla sé viðurkennd leið til að ná árangri í allri þjónustu og starfsemi borgarinnar.

## Fyrir starfsfólk

Að fræðsla sé aðgengileg fyrir starfsfólk, bæði nýliða og reyndara starfsfólk til að viðhalda hæfni og efla sig í lífi og starfi.

## Fyrir stjórnendur

Að styðja og styrkja stjórnendur sem leiðtoga fræðslumála á sínum starfsstað, til eflingar starfs og umbóta.

## Fyrir íbúa og þjónustuþega

Að fræðsla skili auknum gæðum í allri þjónustu og stjórnsýslu á vegum Reykjavíkurborgar, og auðveldi borginni þar með að innleiða nýjungar og vera í fararbroddi.



# Framtíðarsýn

Reykjavíkurborg er vinnustaður þar sem fræðsla og þjálfun starfsfólks á sér stað og stund, nýtur stuðnings og byggist á öfluggu samstarfi.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar nýtur viðeigandi fræðslu á skilvirkan og fjölbreyttan hátt, til hagsbóta fyrir einstaklinginn, vinnustaðinn og íbúa borgarinnar.




# Meginmarkmið

Meginmarkmið fræðslustefnu eru fjögur.

Þau snúast um að fræðsla eigi sér **stað** og **stund** - þannig að hún sé hluti af starfi allra - og fræðslustarfið njóti **stuðnings stjórnenda og mannauðsfólks** og sé unnið í **samstarfi** til að tryggja gæði og árangur.

Meginmarkmiðin stuðla að **umbótum og jákvæðum breytingum** svo að framtíðarsýn stefnunnar verði að veruleika.

Á grunni hvers meginmarkmiðs eru lagðar 2-3 **áherslur** sem kynntar eru hér á eftir.





## Meginmarkmið fræðslustefnu Reykjavíkurborgar

### staður

Fræðsla á **stað** þar sem starfsfólk getur sótt sér fræðslu og veitendur miðla efni á skipulagðan hátt

Fræðsla á **stund** hjá starfsfólki sem fær tækifæri til að njóta fræðslu og veita hana

### stund

### samstarf

Fræðslustarf er **samstarfsverkefni** starfsfólks, stjórnenda fræðsluveitenda og ytri aðila

Fræðslustarf nýtur **stuðnings** stjórnenda og mannauðsfólks

### stuðningur



# Áherslur og meginmarkmið fræðslustefnunnar

1. Torgið er stafrænn og notendavænn vettvangur
2. Aðstaða á starfsstöðum er byggð upp

**staður**

1. Starfsfólk fær svigrúm til fræðslu
2. Stjórnendur hvetja starfsfólk
3. Þekkingarmiðlun er ábyrgð allra

**stund**

1. Fræðslustarf er skipulagt sem samstarf
2. Starfsfólk tekur ábyrgð á eigin hæfni og farsæld
3. Ytra samstarf nýtt til hagræðingar

**samstarf**

1. Stjórnendur eru leiðtogar í fræðslumálum
2. Mannauðsfólk styður við fræðslustarf
3. Stjórnendur hafa yfirsýn og upplýsingar

**stuðningur**



# Staður

Fræðsla á stað þar sem starfsfólk getur sótt sér fræðslu og veitendur miðla efni á skipulagðan hátt.

1

**Torgið er stafrænn og notendavænn vettvangur fræðslustarfs sem tryggir auðvelt aðgengi fyrir allt starfsfólk að fræðslu.**

2

**Aðstaða á starfsstöðum er byggð upp þannig að starfsfólk geti sótt sér stafræna fræðslu á vinnustaðnum – einn í einu eða litlum hópum.**





# Stund

Fræðsla á **stund** hjá starfsfólki sem fær tækifæri til að njóta fræðslu og veita hana

1

## Starfsfólk fær svigrúm til fræðslu

til að sækja sér fræðslu sem er í takti við verkefni hverju sinni, uppfyllir skyldur og kröfur og styður við starfsþróun. Stefnt er að því að jafna fræðslutækifæri óháð ráðningafyrirkomulagi, vinnufyrirkomulagi, tungumálafærni og stéttarfélagi.

2

## Stjórnendur hvetja starfsfólk

til að sækja fræðslu í upphafi og síðan eftir því sem við á út starfstímann, gæta þess að skyldufræðslu sé sinnt þegar við á.

3

## Þekkingarmiðlun er ábyrgð allra

og það er hluti af starfi þeirra sem búa yfir sérhæfðri þekkingu að miðla henni til annarra. Stjórnendur gefa veitendum fræðslu svigrúm til að sinna því starfi, til hagsbóta fyrir heildina.



# Stuðningur

Fræðslustarf  
nýtur **stuðnings**  
stjórnenda og  
mannauðsfólks

1

**Stjórnendur eru leiðtogar í fræðslumálum** og tengja fræðslu við áskoranir í starfsemi, umbætur í þjónustu og hlítingu við stefnur og kröfur.

2

**Mannauðsfólk styður við fræðslustarfið** og aðstoðar stjórnendur við að nýta fræðslu og þjálfun til stuðnings við reglubundna starfsemi einingarinnar og við þróun starfsfólks.

3

**Stjórnendur hafa yfirsýn og upplýsingar** meðal annars gegnum Torgið, til að styðja við framkvæmd fræðslu á gagnadrifinn hátt.



# Samstarf

Fræðsla er **samstarfsverkefni** starfsfólks, stjórnenda, fræðsluveitenda og ytri aðila

1

## Fræðslustarf er skipulagt sem samstarf

með skýrri umgjörð þar sem samráð, ferli og verkaskipting skapa yfirsýn og skilvirkni við þarfagreiningar, sameiginleg innkaup, framleiðslu, viðhald og dreifingu á fræðsluefni, og við gæðamat.

2

## Starfsfólk tekur ábyrgð á eigin hæfni og farsæld

með því að nýta sér fræðsluframboð, taka virkan þátt í mótun fræðslu og sýna frumkvæði í að viðhalda hæfni sinni og auka hana.

3

## Ytra samstarf nýtt til hagræðingar

til dæmis með aukinni sókn í fræðslusjóði, samstarfi við önnur sveitarfélög, fræðslufyrirtæki og háskóla eftir því sem við á.



# Aðgerðaáætlun 2024

## Staður

## Stund

## Stuðningur

## Samstarf

- Rafrænn staður:** Fjölga notendum Torgsins á öllum sviðum og tryggja að allt starfsfólk hafi netföng og aðgangsorð til að komast inn á Torgið.
- Raun-staður:** Vinna að því að lágmarka hindranir, s.s. varðandi búnað (lágmark ein sameiginleg tölva og heyrnartól) og aðstöðu á starfsstöðum.

- Skipulag:** Þróa leiðir til að yfirstíga hindranir við fræðslu á framlínu- og vaktavinnustöðum, og útbúa leiðbeiningar fyrir starfsstaði þar um.
- Veitendur:** Fylgja eftir skilgreiningu á þeim starfseiningum borgarinnar hafa hlutverki að gegna í veitingu fræðslu (til annarra) og tryggja að starfsfólk þeirra eininga hafi svigrúm til að veita fræðslu.

- Færni:** Vinna saman þvert á svið að miðlun þekkingar og færni stjórnenda og starfsfólks í nýtingu Torgsins.
- Starfsþróunarsamtöl:** Aðstoða stjórnendur við aukna áherslu á fræðslu í starfsþróunarsamtölum.
- Upplýsingar:** Aðstoða stjórnendur við að nýta Torgið til að ná yfirsýn um fræðslustarfið.

- Verkaskipting:** Birta fræðsluáætlanir allra sviða á innri vef og þróa áfram verkaskiptingu í fræðslumálum (MOS, svið, starfsstaður)
- Innkaup fræðslu:** Auka samstarf milli sviða í innkaupum á fræðslu og fræðsluefni og nýta enn betur samstarf við ytri aðila.
- Fjármagn / sjóðir:** Auka stuðning við stjórnendur og aðra varðandi gerð stofnanaumsókna í fræðslusjóði stéttarfélagana.



# Ábyrgð og framfylgd stefnu

**Sviðstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs** ber ábyrgð á fræðslustefnu sem undirstefnu mannauðsstefnu.

**Mannauðsstjórar sviða** framfylgja stefnunni, vinna að sameiginlegu fræðslustarfi og framkvæmd aðgerðaáætlunar.

**Sviðsstjórar og mannauðsstjórar sviða** úthluta ábyrgð á fræðslustarfinu innan sviðs og taka þátt í sameiginlegu fræðslustarfi og útfærslu stefnunnar.

**Allir stjórnendur** framfylgja stefnunni, hver fyrir sína starfseiningu.

**Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis** á mannauðs- og starfsumhverfissviði heldur utan um aðgerðaáætlun og fylgir henni eftir í samstarfi við ofangreinda aðila.